



BÓKAÚTGÁFAN CODEX

RITRÝNIREGLUR BÓKAÚTGÁFUNNAR CODEX

I. Inngangur

Hér á eftir fara ritrýnireglur Bókaútgáfunnar Codex. eru þær ritaðar til handa (1) höfundum rita, (2) höfundum greina í safnriti og (3) ritrýnendum. Með reglunum er m.a. leitast við að fullnægja þeim skilyrðum um ritrýni, sem fram koma í reglum um matskerfi opinberra háskóla.

Eðli málsins samkvæmt verða reglur sem þessar í sífelldri endurskoðun. Allar athugasemdir, ábendingar eða tillögur eru vel þegnar og óskast sendar stjórn bókaútgáfunnar.

Við samningu regnanna voru verklags- og ritrýnireglur Tímarits lögfræðinga hafðar til hliðsjónar.

II. Markmið ritrýni

Handrit rita (eða eftir atvikum greina í safnriti) er eingöngu ritrýnt berist stjórn bókaútgáfunnar ósk þess efnis frá höfundi. Skal slík ósk borin upp í kjölfar þess að stjórnin hefur samþykkt rit til útgáfu. Stjórnin velur þá tvo ritrýnendur úr hópi fremstu sérfræðinga á því sviði sem handritið varðar til að annast ritrýnina í samræmi við neðangreint verklag. Ritrýnin er ávallt nafnlaus.

Ritrýni handrita er ætlað að tryggja fræðilegar kröfur, en hún er einnig öðrum þræði þjónusta við höfunda og nauðsynlegur þáttur í því ferli að rita gott fræðirit (eða eftir atvikum fræðigreini í safnriti).

III. Forsendur ritrýni

Þegar handrit er metið af ritrýnanda er hugað að (1) frumleika handrits og framlagi til þekkingar á sviði lögfræði samkvæmt kröfum um inntak og gæði akademískra rannsókna á háskólastigi. Áhersla er lögð á (2) nákvæmni, skýrleika fræðilegrar umfjöllunar og samræmi hennar við viðurkenndar aðferðir á sviði lögfræðilegra rannsókna. (3) Sérstaklega er lagt mat á hvort handritið hafi í heild sinni vísindalegt gildi, þ.e. hvort stefnt sé að því með viðurkenndum aðferðum að skapa nýja þekkingu á viðkomandi sviði innan lögfræðinnar.

IV. Verklag ritrýni

Óski höfundur þess að handrit verði ritrýnt velur stjórn bókaútgáfunnar tvo ritrýnendur til ritrýnnar. Við val á ritrýnendum er tekið mið af sérþekkingu þeirra á því sviði sem handritið varðar. Stjórn bókaútgáfunnar tryggir að höfundur öðlist ekki upplýsingar um val á ritrýnendum. Nafnleynd ritrýnenda er því fortakslaust skilyrði ritrýni. Að sama skapi tryggir stjórn bókaútgáfunnar að ritrýnendur öðlist ekki upplýsingar um höfund handritsins.



BÓKAÚTGÁFAN CODEX

Ritrýnendum er fyrst og fremst ætlað að fara yfir fræðilegt innihald handrits í samræmi við ofangreindar kröfur. Hvor ritrýnandi um sig skal skila athugasemdum sínum til stjórnar bókaútgáfunnar, þar sem settar skulu fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur, t.d. athugun á fræðiskrifum eða úrlausnum úr réttarframkvæmd sem höfundur hefur ekki tekið afstöðu til. Ritrýni skal vera nægilega nákvæm og skýr til þess að höfundur fái fullan skilning á gagnrýni, hugmyndum og tillögum ritrýna. Athugasemdir skulu vera eins uppbyggilegar og unnt er, jafnvel þótt endanlegur dómur ritrýnenda sé neikvæður. Æskilegt er að ritrýnendur dragi saman meginniðurstöður sínar í upphafi, en setji síðan í kjölfarið fram nákvæmari útlistanir og athugasemdir. Ritrýnendur eru í þessu efni sérstaklega hvattir til að leggja til styttingar, sé það unnt án þess að fræðilegt innihald rýrni.

Ritrýnendur skulu gera tillögu til stjórnar bókaútgáfunnar um hvor eftirtalinna leiða skuli valin:

- (1) Rit (eða eftir atvikum grein í safnríti) fullnægir kröfum um ritrýni, e.t.v. að gerðum minniháttar breytingum höfundar.
- (2) Rit (eða eftir atvikum grein í safnríti) fullnægir ekki kröfum um ritrýni, nema höfundur geri (jafnvel umtalsverðar) breytingar.

Séu ritrýnendur ósammála í mati sínu ákveður stjórn bókaútgáfunnar hvaða afgreiðslu viðkomandi handrit fær.

Fái handrit dóm A hjá ritrýnanda, og fullnægir því kröfum um ritrýni, e.t.v. með minniháttar breytingum, mun stjórn bókaútgáfunnar að jafnaði hafa umsjón með því að handrit verði búið til útgáfu í samvinnu við höfund og er þá hlutverki ritrýnenda lokið. Fái handrit hins vegar dóm B hjá ritrýnanda, og fullnægir þar af leiðandi ekki kröfum um ritrýni, nema að undangengnum (jafnvel umtalsverðum) breytingum höfundar, tekur stjórn bókaútgáfunnar ákvörðun um hvort handrit verði sent aftur til ritrýnenda eftir að höfundur hefur brugðist við athugasemdunum. Bregðist höfundur hins vegar ekki við athugasemdunum eða séu breytingar höfundar ófullnægjandi að mati ritrýnenda eða stjórnar bókaútgáfunnar er stjórninni heimilt að hafna útgáfu handritsins.

Þannig samþykkt af hálfu stjórnar Bókaútgáfunnar Codex 19. ágúst 2010.